

FRÁSÖGN

af 50. fundi þingmannanefndar EES í Stavanger 7.–9. maí 2018

Fundur þingmannanefndar EES var haldinn í Stavanger í Noregi. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundinn Smári McCarthy formaður, Andrés Ingi Jónsson, Brynjar Níelsson, Hanna Katrín Friðriksson og Jón Gunnarsson auk Stígs Stefánssonar ritara. Helstu dagskrármál fundarins voru staða EES-samstarfsins, netöryggi, væntanleg útganga Bretlands úr ESB (Brexit) og orkumál.

Á fundinum var fulltrúum stofnana ESB og EFTA að venju boðið að hafa framsögur í umræðum um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Til máls tóku Boyan Natan fyrir hönd formennsku ESB í EES-ráðinu, Bergdís Ellertsdóttir fyrir hönd formennsku EFTA í EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni og Martin Skylv fyrir hönd ESB í sameiginlegu EES-nefndinni. Þau fóru yfir svokallaðan upptökuhalla sem mælir fjölda ESB-gerða sem bíða upptöku í EES-samninginn. Um 600 gerðir bíða upptöku en yfir helmingur þeirra er á sviði eftirlits með fjármálamörkuðum. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda gerða sem bíða upptöku kom fram að fleiri gerðir voru teknar upp í EES-samninginn á árinu 2017 en nokkru sinni fyrir eða 514. Lögð var áhersla á að unnið væri af krafti við að fara yfir gerðir á sviði fjármálamarkaða sem ætti að vera að hægt að taka hratt upp þegar þeirri yfirferð er lokið. Einnig var fjallað um svonefndan innleiðingarhalla EES/EFTA-ríkjanna sem mælir hversu hratt ríkin innleiða þær gerðir sem þegar hafa verið teknar upp í EES-samninginn. Mikilvægi þess að upptaka gerða í samninginn og innleiðing í EES/EFTA-ríkjunum gangi snurðulaust fyrir sig felst í því að tryggja lagalegt samræmi á innri markaðnum sem er ein forsenda virkni hans. Smári McCarthy vísaði í skýrsluna „Gengið til góðs: Skref í átt að bættri framkvæmd EES-samningsins“ sem utanríkisráðuneytið gaf út í apríl sl. og fór yfir boðaðar aðgerðir í því skyni. Þar á meðal er framlenging á sérstökum stuðningi við fagráðuneyti til að tryggja tímanlega innleiðingu EES-gerða og styrking sendiráðs Íslands gagnvart ESB í Brussel þannig að öll ráðuneyti eigi þar fulltrúa. Þá væri unnið að breytingum á reglum um þinglega meðferð EES-mála og þess væri að vænta að þær gerðu verkferlið á Alþingi skilvirkara. Andrés Ingi Jónsson benti á að tíð stjórnarskipti og kosningar á Íslandi kynnu að hafa haft áhrif í þá átt að innleiðingarhallinn væri hærri á Íslandi en í hinum EES/EFTA-ríkjunum. Loks var rætt um samkomulag um verslun með landbúnaðarvörur sem tók gildi milli Íslands og ESB 1. maí sl. og sömuleiðis samkomulag á sama sviði sem undirritað var með Noregi. Fram kom í máli fulltrúa ESB að hátt uppboðsverð á kvótum til innflutnings landbúnaðarvara hefði þau áhrif að útflytjendur innan ESB og neytendur í EFTA-ríkjunum nytu ekki ávinnings af slíkum kvótum sem skyldi.

Í umfjöllun um Brexit og EES fluttu framsögur Niels Engelschiøn, skrifstofustjóri frá norska utanríkisráðuneytinu, Ulf Sverdrup, forstjóri Alþjóðamálastofnunar Noregs, prófessor Jan Erik Grindheim og Evrópuþingmaðurinn Catherine Stihler. Líkt og í fyrri umfjöllun nefndarinnar um Brexit var lögð áhersla á virka hagsmunagæslu EES/EFTA-ríkjanna gagnvart ríkisstjórn Bretlands og framkvæmdastjórn ESB. Sér í lagi var undirstrikað að tryggja þyrfti að samkomulag í væntanlegum útgöngusamningi Bretlands úr ESB varðandi réttindi borgara og innri markaðsmál næði einnig til EES/EFTA-ríkjanna. Fram kom að þrátt fyrir það markmið að útganga Bretlands hefði sem minnst áhrif á viðskipti EFTA-ríkjanna og Bretlands væri einhver truflun óhjákvæmileg. Verkefnið væri að lágmarka þá truflun.

Í umfjöllun um netöryggi fluttu Evrópuþingmaðurinn Julia Pitera og Smári McCarthy framsögur. Pitera lagði áherslu á að framkvæmdastjórn ESB væri að byggja upp getu og efla miðstöð á sviði netöryggis í takt við netöryggisstefnu ESB frá árinu 2013 og netöryggissamþykkt frá september 2017 þar sem m.a. er að finna aðgerðir til að berjast gegn fjármálasvindli og ólöglegru mynt á netinu. Smári fór breitt yfir stöðu netöryggismála og sagði

ljóst að internetið væri í hernaðarlegu tilliti að bætast við sem fimmti vettvangur átaka til viðbótar við land, sjó, loft og geim. Vígbúnaðarkapphlaup ætti sér því miður stað í netheimum og hefðbundnar varnir eins og hlutleysi eða aðild að hernaðarbandalögum veittu litla eða enga vernd gegn netárásam. Vaxandi markaður væri fyrir netvopn sem skilgreinast sem hugbúnaður eða vélbúnaður sem gerir kaupanda kleift að valda þriðja aðila skaða. Flest slíkra vopna nýttu sér öryggisglufur í allt frá farsímum einstaklinga til tölvukerfa stórfyrirtækja og stofnana. Stærstu kaupendur netvopna eru ríkisstjórnir. Hvað áhrif á fríverslun varðaði gætti aukinna netárása og átaka á milli landa og stórfyrirtækja. Fölskum upplýsingum væri jafnframt haldið að almenningi til að hafa áhrif á kosningahegðun og efnahagslega hegðun. Slíkum upplýsingum virtist einnig ætlað að draga úr trausti og tiltrú á lýðræðislegar stofnanir. Leiðin fram á við væri annars vegar að auka vitund og þekkingu almennings á nethættum og hins vegar að bæta öryggi tölvukerfa með áherslu á þau mikilvægustu, svo sem stjórnkerfi fjármálamarkaða og samgangna. Jafnframt ætti að auka öryggi einstaklingstækja eins og farsíma og fartölva en það yrði helst gert með því að skapa hvata fyrir framleiðslufyrirtækin til þess að eyða meira í rannsóknir og þróun öryggismála.

Þingmannanefnd EES samþykkti eina ályktun á 50. fundi sínum um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd EES-samningsins 2017. Ályktunina og frekari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.efta.int. Næsti fundur nefndarinnar fer fram í Evrópuþinginu í Strassborg 12.-13. desember nk.